

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1909.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 7. desember 1909 (A nr. 65, bls. 318—319).

Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.

1

9. febr.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá verzlunarfulltrúa Carl Olsen, um að honum verði leyft að flytja hér í land hund, sem hann hafði með sér á gufuskipinu »Sterling«, sem kom hingað í gær. Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
- 2) að hundinum sé haldið í sóttkví (svo að hann komi ekki saman við aðra hunda) undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum verzlunarfulltrúa hefir verið tilkynnt leyfi þetta héðan.

Bréf stjórnarráðsins til biskups um afhending Garpsdalskirkju í hendur söfnuðinum.

2

18. febr.

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 8. þ. m., og samkvæmt tillögum yðar, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess, að greiða megi úr Kirkjujarðasjóði 1200 kr. álag á Garpsdalskirkju gegn því að sóknarnefndin taki

2 á móti kirkjunni fyrir safnaðarins hönd án úttektar, en kirkjunni fylgir að sjálf-
18. febr. sögðu, auk sjálfs hússins, inneign hennar í kirkjusjóði.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birt-
ingar og ráðstöfunar.

3 **Bréf stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Myrkáirkirkju í Eyjafjarðar-**
21. febr. **prófastsdæmi.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegri ályktun héraðsfundar í Eyjafjarðarprófastsdæmi 14. septbr. 1909 skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 16. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hérmeð veita leyfi til að Myrkáirkirkja í Eyjafjarðarprófastsdæmi megi leggjast niður í næstkomandi fardögum, þannig, að kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, ornamentis hennar og instrumentis verði eign Bægisáirkirkju, að Myrkársókn sameinist Bægisársókn og allar tekjur Myrkáirkirkju gangi framvegis til Bægisáirkirkju.

Samþykki þetta er þó því skilyrði bundið, að söfnuðurinn hafi, áður en sameiningin fer fram, tekið að sér umsjón og fjárhald Bægisáirkirkju.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

4 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um endurveiting hlunn-**
7. mazz **inda handa sparissjóði.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórn sparissjóðs Vestur-Skaftafellssýslu, Þorsteini Jónssyni, Þorsteini Þorsteinssyni og Halldóri Jónssyni, öllum í Vík, vill stjórnarráðið hérmeð veita téðum sparissjóði um næstu 5 ár, frá 1. apríl þ. á. að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðunum um reikningskil í lögum sjóðsins sé nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir téðri stjórn sjóðsins.